

Ræða Lárusar Páls Birgissonar á Austurvelli 10. janúar 2009.

Góðir Íslendingar.

Á undanförnum dögum hafa alvarlegir hlutir gerst í íslensku samfélagi. Skemmdarvargar hafa vaðið uppi nánast óáreittir og valdið ómældu tjóni á eignum þjóðarinnar. Þessi skrýll skeytir engu um velferð annara og ber enga virðingu fyrir þeim siðferðislegu gildum sem eru ríkjandi meðal þjóðarinnar.

Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem verða fyrir barðinu á þessum misindismönnum eru meinlausir borgarar sem hafa ekkert til saka unnið, aldraðir, öryrkjar og láglaunafólk.

Nei, ég er ekki að tala um eggjakastara eða grímuklædda andófsmenn heldur það hyski sem ranglega kallar sig Ríkisstjórn Íslands.

Á undanförnum vikum hefur Ríkisstjórnin markvisst unnið að því að skerða lífsgæði, réttindi og öryggi borgaranna undir því yfirskeyni að það sé þjóðarinnar að borga skuldafen fjárglæpamanna.

Almenningur er ráðamönnum ekki merkilegri en svo að velferð okkar og öryggi er stefnt í voða til að borga undir rassgatið á siðblindum bankastjórum og útrásarvíkingum.

Helvítis Fokking Fokk!

Með þessum ranglátu aðgerðum er Ríkisstjórnin að ganga þvert á vilja og þarfir fólksins í landinu. Þau gleyma því að löglegum Ríkisstjórnnum ber að ganga í takt við þjóðina og framkvæma vilja almennings.

Þau gefa skít í það að löglegum ríkisstjórnnum ber að gæta hagsmuna þeirra sem minnst meiga sín og standa vörð um þau mannlegu gildi sem þjóðin kys að lifa eftir.

En þeir vita bara ekki betur. Þeir viðurkenna það jafnvel opinberlega að þeir viti ekkert hvað þjóðin sé að hugsa. Og þegar almenningur rís upp gegn henni þá segja þeir að við séum ekki þjóðin.

Stjórnámálamenn sem þekkja ekki vilja þjóðarinnar hafa ekkert með það að gera að taka ákvarðanir fyrir okkar hönd. Hugmyndir ráðamanna um íslensku þjóðina eru þess eðlis að hér búi bara aumingjar sem halda kjafti þegar vaðið er yfir þá og öryggi þeirra er ógnað.

En við vitum betur!

Við sem stöndum upp og andmælum ranglæti ykkar og berjumst fyrir réttindum okkar,, við erum þjóðin!!!

Það eruð þið ráðamenn sem hafið klofið ykkur frá þjóðinni.
Það eruð þið ráðamenn sem standið völtum fótum í málflutningi ykkar og Íslenska þjóðarsálin hefur töluvert sterkara siðferðisþrek en þið sem hafið arðrænt fólkið í landinu.

Á síðustu dögum hefur hver fréttin rekið aðra um niðurskurð á heilbrigðiskerfi þjóðarinnar. Heilbrigðisráðherrann, Guðlaugur Þór, sem mér vitandi hefur aldrei starfað inn á heilbrigðisstofnun, stígur nú fram og kynnir áætlanir sínar um niðurskurð eins og hann hafi eitthvað vitá því hver þörfin er. Ef Guðlaugur hefði nokkurtíma starfað á spítala þá mundi hann vita að skerðing á þjónustu er ekki það sem heilbrigðiskerfið þarf á að halda.

En nú hefur hann tekið þá ákvörðun að loka Sankti Jósepsspítalanum í Hafnarfirði til að spara 1300 milljónir sem,, ótrúlegt en satt,, er sama upphæð og fer til varnarmálastofnunar á þessu ári.

Guðlaugur Þór, þér þykir eflaust í lagi að eyða peningum þjóðarinnar í hernaðarsamvinnu og heræfingar á meðan heilbrigðisþjónustan er skorin niður.

EN ÞJÓÐIN ER ÞÉR ÓSAMMÁLA.

Á síðasta þriðjudag voru skjólstæðingar á hjúkrunarheimilinu Seli fluttir nauðungarfluttningum af heimilum sínum. Heilbrigðisráðherranum þótti það víst of dýrt að aldraðir þegnar þessa lands fái að búa í einbýli. Með þessari aðgerð ætlar hann að spara 250 milljónir sem er,, ótrúlegt en satt,, 180 milljónum lægri tala en fer í stjórn mála flokkana á þessu ári.

Guðlaugur þér þykir það væntanlega skynsamlegra að flytja aldraða Íslendinga í tvíbýli og brjóta þannig gegn friðhelgi einkalífsins og persónufrelsi þeirra á meðan gerspiltir stjórn mála flokkarnir ausa peningunum í sína eigin vasa.

EN ÞJÓÐIN ER ÞÉR ÓSAMMÁLA.

Heilbrigðisráðherran hefur nú tekið þá ákvörðun að leggja niður bráðamóttökuna á Hringbraut og sameina hana slysa og bráðadeildinni í Fossvogi og margfalda þannig álagið á deild þar sem reglulega þarf að leggja sjúklinga á gangana vegna plássleysis.

Herra Guðlaugur, þér þykir það eflaust í lagi að margfalda álag á heilbrigðisstarfsfólk og sjúklinga sem er þó nægt fyrir.

EN ÞJÓÐIN ER ÞÉR ÓSAMMMÁLA.

Og nú ætlar þú, Guðlaugur Þór, að seilast ofan í vasa þeirra sem þurfa á sjúkrahúsvist að halda og ekki einu sinni börnin okkar eru stikkfrí. Þér þykir það sjálfsagt mál að veikt fólk og foreldrar veikra barna þurfi að borga fyrir þau sjálfsögðu réttindi sem heilbrigðisþjónustan á að vera.

EN ÞJÓÐIN ER ÞÉR ÓSAMMÁLA.

Og þjóðin veit það að blauti draumurinn hans Guðlaugs Þórs er að einkavinavæða heilbrigðisþjónustuna svo hin ósýnilega hönd markaðarins geti nú grætt smá peninga inn á ósýnilega bankareikninginn sinn. En Guðlaugur,, þó þú í siðblindu þinni sérð ekkert athugavert við það að tilfinningalausir bissnessmenn sjái gróðavon í sjúklingum og hagnist fjárhagslega á veikindum annara, ÞÁ ER ÞJÓÐIN ÞÉR ÓSAMMÁLA.

Og það að fækka heilbrigðisstofnunum landsins úr 22 í 6 er ekki hagræðing, herra Guðlaugur, heldur árás á þjóðina og ekkert annað en landráð.

Ef heilbrigðisráðherrann er í sömu sporum og aðrir ráðamenn,, að vita ekki hvað þjóðin er að hugsa,, þá er vert að minna þig á , kæri Guðlaugur, þær hugsjónir og það siðferði sem þjóðin hefur tileinkað sér og mál til komið að þú farir að vinna eftir,, ellegar segi af þér hið snarasta.

Þjóðin vill öflugt heilbrigðiskerfi sem allir hafa aðgang að óháð efnahag.

Þjóðin vill að öreigar og atvinnulausir geti leitað sér læknaaðstoðar án ótta við peningaleysi.

Þjóðin vill að börnin sín eigi rétt á bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á,, án tillits til efnahags foreldra.

Og þjóðin vill ekki að almennu öryggi þeirra sé stefnt í voða vegna fjárglæfrastarfsemi útrásarvíkinganna.

Þjóðin vil ekki að aldraðir og öryrkjar fái skert lífsgæði vegna afglapa ríkisstjórnarinnar.

Þjóðin vill ekki að peningunum hennar sé sóað í stríðsrekstur og heræfingar á kostnað almennrar heilbrigðisþjónustu.

Og allra síst vill þjóðin undirförla ráðamenn og stjórnmalaflokka sem þora ekki að taka á spillingunni af ótta við að koma upp um sjálfa sig.

Nú ríður á „kæra þjóð,, að snúa bökum saman og berjast gegn spillingunni og þeirri lífsgæðaskerðingu sem Ríkisstjórnin hefur ætlað okkur.

Nú hefur aldrei verið mikilvægara að hver einasti Íslendingur rísi upp og leggi sitt af mörkum til að verja grunnstoðir samfélagsins fyrir þeim ranglátu og hættulegu eyðingaröflum sem Ríkisstjórnin er. Þjóðin á heilbrigðiskerfið og það er hagur okkar allra að sú skerðing sem Guðlaugur Þór hefur boðað nái ekki fram að ganga hvort sem við köllum okkur hægri eða vinstri menn.

Og í lokin vil ég beina orðum mínum til ykkur Ingibjargar og Geirs,, ykkar sem vitið ekki hvað þjóðin er að hugsa.

Á meðan þið fordæmið örvæntingafullt fólk sem kastar eggjum og brýtur rúður í vanþóknun sinni á getuleysi ykkar þá skulið þið hafa það hugfast að það er opinber stefna Ríkisstjórnar Íslands að ofbeldi sé réttlætanaleg leið til að ná fram pólitískum markmiðum sínum.

Þó svo þið séuð búin að gleyma Írak og Afganistan þá hefur þjóðarsálin engu gleymt.

Á meðan þið eyðið fjármunum Íslensku þjóðarinnar í ríkisrekið ofbeldi á erlendum vettvangi og notið skattpeninga fólksins í landinu til að þjálfa erlendar hersveitir þá eruð þið ekki í nokkurri aðstöðu til að fordæma þá sem grípa til eggja þegar að þeim er vegið.

Ingibjörg og Geir,, ykkar eigin stefna og siðferði er að Íslenskir skattborgarar borgi fyrir herþjálfun og vopnafluttninga og styðji við bakið á vestrænum stríðsherrum.

EN ÞJÓÐIN ER YKKUR ÓSAMMÁLA.

Kæru andófsmenn,, eruð þið með mér í að koma þessari Ríkisstjórn eyðileggingar frá völdum? Eruð þið með mér í að leiðrétta þau skemmdarverk sem unnin hafa verið á íslenskri

heilbrigðisþjónustu?

Það er gott. Þá fáið þið það verkefni í næstu viku að finna 3 til 4 vini sem eru ykkur sammála og komið með þá á næst laugardag klukkan 3. Við söfnum liði. 20 þúsund reiðir Íslendingar er fjöldi sem þeir geta ekki hunsað og litið framhjá.

Samstaða er afl sem ekkert fær staðist.